

Miðvikudaginn 21. apríl 1976.

Nr. 82/1976. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Sigurgeir Einari Karlssyni.**

**Dó m e n d u r:**

**hæstaréttardómaramennir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Andrés Valdimarsson, sýslumaður í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. mars 1976. Gögn máls bárust Hæstarétti 12. apríl 1976.

Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Auk þeirra gæsluvarðhaldsúrskurða, sem kveðnir hafa verið upp yfir varnaraðilja og getið er um í hinum kærða úrskurði, var hinn 17. desember 1975 kveðinn upp gæsluvarðhaldsúrskurður í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, þar sem gæsluvarðhald varnaraðilja var enn framlengt allt að 90 dögum frá því, sem ákveðið hafði verið í úrskurði nefnds sakadóms frá 25. september 1975, er staðfestur var í Hæstarétti 8. október s. á. Úrskurði sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu frá 17. desember 1975 var skotið til Hæstaréttar, og var úrskurðurinn staðfestur hinn 5. janúar 1976.

Hinn 29. janúar 1976 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur varnaraðilja vegna atburðar þess, sem rannsókn máls þessa beinist að, og er brot hans talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bréfi, dags. sama dag, sendi ríkissaksóknari rannsóknardómara, sýslumanninum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, ákærana. Krafðist ríkissaksóknari þess, að rannsókn máls yrði lokið og það síðan tekið til dómsálagningar, en jafnframt segir í greindu bréfi

ríkissaksóknara: „Rétt þykir að leita umsagnar Læknaráðs um þau læknisfræðilegu gögn, sem aflað hefur verið við rannsókn málsins, og að álitsergerð ráðsins um þau efni liggi fyrir, áður en málið verður flutt“.

Með bréfi, dags. 9. febrúar 1976, fór rannsóknardómari þess á leit við Læknaráð, að það léti uppi skoðun sína um ýmis nánar tilgreind atriði í skýrslu um geðrannsókn, er varnaraðili sætti, svo og um „önnur þau atriði, er fram koma í læknisfræðilegum gögnum málsins og það telur efni til, að sérstaklega komi fram“.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

22. mars 1976.

Mál þetta var þingfest hinn 12. mars 1976 með framlagningu ákæru og annarra dómsskjala.

Ákærði, sem fæddur er 11. nóvember 1956, er sakaður um að hafa orðið Rafni Svavarssyni að bana í Ólafsvík, í verbúð Hróa, hinn 14. maí 1975. Hófst rannsókn málsins þegar hinn 14. maí s. á.

Ákærði var þann dag úrskurðaður í gæsluvarðhald í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu allt að 60 dögum. Hinn 11. júlí s. á. var úrskurðað í sama dómi, að varnaraðili skyldi sæta allt að 45 daga gæsluvarðhaldi frá 13. júlí 1975 að telja. Með úrskurði sama dóms, sem upp var kveðinn þann 27. ágúst 1975, var gæsluvarðhald ákærða framlengt í allt að 30 dögum, meðan framhaldsrannsókn í málinu færi fram samkvæmt kröfu ríkissaksóknara, sem óskaði eftir því, að tilgreindir menn yrðu kvaddir fyrir dóm til yfirheyrslu.

Með úrskurði sama dóms, uppkveðnum 25. september 1975, var gæsluvarðhald kærða enn framlengt í allt að 90 dögum, þar eð rannsókn málsins var enn ekki lokið. Samkvæmt kröfu ríkissaksóknara voru teknar skýrslur í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu af þeim mönnum, sem náðist til í lögsagnarumdæminu, og rannsókn málsins fram haldið að öðru leyti eftir því sem til-

efni hefur gefist til. Með bréfi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 5. nóvember 1975, var málið síðan sent ríkissaksóknara, en þá var eftir að yfirheyra 5 aðilja, sem tilgreindir voru í framangreindu bréfi ríkissaksóknara, sem búsettir voru í Reykjavík og Keflavík. Ekki hefur ennþá náðst til allra þeirra manna og yfirheyrslum því ekki lokið.

Rannsóknargögn máls þessa hafa verið send Læknaráði til athugunar og umsagna með bréfi, dagsettu 9. febrúar 1976, til meðferðar á þeim læknisfræðilegu álitserðum, sem lagðar hafa verið fram. Úrskurður Læknaráðs í máli þessu liggur enn ekki fyrir.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið um rannsókn og sakarefni máls þessa, þykir nauðsyn bera til að framlengja gæsluvarðhaldsúrskurð ákærða með hliðsjón af 1. og 4. tölulið 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Þykir hæfilegt að framlengja gæsluvarðhald ákærða í allt að 60 dögum frá deginum í dag að telja.

**Því úrskurðast:**

Gæsluvarðhald ákærða, Sigurgeirs Einars Karlssonar, hófst með úrskurði sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 14. maí 1975 og hefur síðan verið framlengt fjórum sinnum, framlengist í allt að 60 dögum frá 24. mars 1976 að telja.

---

Föstudaginn 23. apríl 1976.

Nr. 83/1976. **Ákærvaldið**

gegn

**Oddgeiri Guðmundi Guðmundssyni.**

**Dómenður:**

**hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Andrés Valdimarsson, sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.